
Holl lesning

Eftir Gísla Gunnar Marteinsson



Gísli Gunnar Marteinsson

Fundurinn, sem er nokkuð fyrirsjáanlegur, mun taka á strandveiðum, „króka“-aflamarki í fiski sem veiðist í net og veiðistýringu á grásleppu.

Það sem gerir svona fundi skemmtilegri en marga aðra er hin gríðarlega ósamstaða sem virðist ríkja um allt sem einhverju skiptir. T.d. hljómar orðið hagræðing þar afar illa.

Hér er kynnt „gömul lumma“ um breytta og betri útfærslu á strandveiðum.

Það er einfaldlega gert ráð fyrir að hver bátur fái úthlutað ákveðið magn fyrir hvern þann mánuð sem hann ætlar að stunda strandveiðar. Engar aðrar reglur þurfa til að koma, aðrar en um skipstjórn og haffæri.

Smábátasjómenn ættu að velta þessu fyrir sér fram að fundi.

Kostir þessa fyrirkomulags eru þeir sömu og undirritaður hefur tíundað nokkur undanfarin ár. Hærra fiskverð, hugsanlega 60% minni olíueyðsla, minni vinna, auknar líkur á nýliðun og frelsi hvers um sig til að stjórna eigin róðrarlagi. Niðurstaðan er betri afkoma sem væri þá hugsanlega, að einhverra mati, eini gallinn við þetta fyrirkomulag. Að öðru leyti er þessi leið gallalaus. Hámarksmagn, per bát í mánuði, væri fundið út með fjölda umsækjenda deilt í það magn sem í boði er hverju sinni.

Það er fyndið að það skuli hafa verið „grænn“ flokkur sem fann upp vitleysuna. Þetta kerfi býður upp á taumlausa olíueyðslu. Heiðrún Lind Marteinsdóttir segir olíunotkun í sjávarútvegi vera um 50% af því sem hún var fyrir 1990. Það er engin ástæða til að rengja þau orð. En við viljum bæta í. Að mati undirritaðs er þetta strandveiðikerfi því orðið afar vandræðalegt. Samt er ekki útilokað að það geti versnað.

Ef fundarmenn fylkja sér um þessa tillögu í upphafi fundar þá þarf ekki að ræða margar tillögur um „plástra“ á núverandi kerfi. Það hafa hins vegar komið fram hugmyndir um að lengja veiðitímabilið í báðar áttir (apríl-sept.) og það gæti gengið með þessari nýju útfærslu.

Það verða raddir, sem segja (eins og allt fari þá til fjandans): „Þetta er bara kvóti.“ Kvóti væri þá hugtak sem undirritaður kýs að láta öðrum eftir að

» Smábátasjómenn. Holl lesning fyrir aðalfund L.S.

túlka. Þessi 774 kg sem nú má veiða, hvern dag, eru þá líklega ekki „kvóti“.

Það er heldur ekki ólíklegt að fram komi tillaga um þá „plástrun“ að fjölga dögum í hverri viku. T.d. að fá að fara á sjó til að leita að 774 kg á sunnudögum. Þeir eru oft 4 í mánuði. Það þóttu „afar vel heppnaðar“ strandveiðar sl. sumar að 623 bátar skyldu sækja um leyfi. Gefum okkur þá að 600 bátar réru þessa sunnudaga og hver um sig færi með 200 l af olíu í róður. (Margir fara betur með en aðrir lakar). Þetta gerir 120 þús. lítra á einum sunnudegi. Á 16 sunnudögum gæti okkur tekist að brenna 1.920.000 lítrum af olíu. Í þessum rekstri eru peningar auðvitað smámunir en m.v. góð kjör á olíu (að sögn olíufélagsins) þá gæti þessi tillaga kostað vel yfir 200 milljónir.

Trillukarlinn á að vita að ef stefnan er ekki góð þá er hægt að skipta um stefnu.

Í samþykktum aðalfundar 2018 má finna eftirfarandi texta: „Aðalfundur L.S. samþykkir að strandveiðikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveiðibáta.“

Ef við viljum ekki setja þennan pakka inn í aflamark, sem væri ekki gott, þá er sú leið, sem nefnd hefur verið hér að ofan, eina raunhæfa leiðin að þessu markmiði.

Hlakka til að hitta ykkur.

Höfundur er sjómaður.

Kína mikilvægur aðili að þróun norðurslóða

Eftir Jin Zhijian



Jin Zhijian

Vegna nýlegra breytinga sem hafa orðið á norðurslóðum undanfarið ár eða svo hafa ákveðnir aðilar verið ötulir í að úthrópa áhuga Kínverja á norðurslóðum og jafnvel varað við „hættu“ af þeirra völdum, án þess að styðjast við neinar staðreyndir og lýsir þetta gamaldags „kalda stríðs“-hugsunarhætti.

Af hverju hefur Kína áhuga á norðurslóðum? Hver er stefna Kína í norðurslóðamálum og hvað hefur Kína verið að gera í þessum málum? Ég vona að þessi grein veiti lesandanum einhverja innsýn og einhver svör.

Kína hefur lengi tekið þátt í norðurslóðasamstarfi, svo snemma sem 1925 tók Kína þátt í Spitsbergen-sáttmálanum. Enda lítur Kína þannig á að það eigi hagsmuna að gæta á norðurslóðum. Landfræðilega flokkast Kína sem „nær-norðurslóðaland“ og er eitt af þeim löndum sem eiga landsvæði hvað næst heimskautsbaugnum. Náttúrulegar aðstæður á norðurslóðum og breytingar á þeim hafa bein áhrif á loftslags- og vistkerfi Kína og hafa þar af leiðandi áhrif á efnahagslega hagsmuni í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, sjávariðnaði og í öðrum geirum atvinnulífsins. Kína á einnig hagsmuna að gæta í málefnum sem varða bæði einstök lönd og alþjóðasamfélagið á norðurslóðum, á sviði loftslagsbreytinga, umhverfismála, vísindarannsókna ásamt nýtingu siglingaleiða, rannsóknum á hugsanlegum auðlindum og nýtingu þeirra, öryggismálum og yfirráðum á norðurslóðum. Þessi atriði eru mikilvæg undirstaða fyrir tilveru og þróun allra landa jarðar og mannkyns alls, og hafa bein áhrif á hagsmuni allra landa, hvort sem þau eiga landsvæði á norðurslóðum eða ekki, og er Kína þar meðtalið. Kínverjar njóta þess frelsis og réttinda, eins og aðrar þjóðir, að geta stundað vísindarannsóknir, nýtt sér siglingaleiðir og yfirflug á norðlægum breiddargráðum og sjávarsvæðum sem tengjast þeim, auk þess að geta lagt neðansjávarkapla og flutningspípur og rannsakað nýtingu á hugsanlegum náttúruauðlindum. Þessir hagsmunir eru varðir af alþjóðasamþykktum svo sem Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS) og Spitsberger-sáttmálanum.

Sem fullgildur meðlimur Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem hefur undirritað fjölmargar samþykktir varðandi norðurslóðir, og sem ein stærsta viðskipta- og orkunýtingarþjóð veraldar tekur Kína á sig miklar skuldbindingar og ábyrgð þegar kemur að málefnum norðurslóða.

Kína er virkur þátttakandi í öllu því er varðar málefni norðurslóða. Kínverska ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á þennan málaflokk og gaf út hvítbók um stefnu Kína í málefnum norðurslóða í janúar 2018, og kynnti þar með umheiminum stefnu sína gagnvart norðurslóðum í fyrsta skipti.

Stefna Kína í málefnum norðurslóða er að auka skilning, vernda, þróa og taka þátt í stjórnun svæðisins, með það að markmiði að vernda sameiginlega hagsmuni allra landa og alþjóðasamfélagsins alls á norðurslóðum og styðja við sjálfbæra þróun á svæðinu.

Til að ná þeim markmiðum sem er lýst hér að ofan mun Kína taka þátt í norðurslóðasamstarfi og hafa fjögur grundvallarsjónarmið að leiðarljósi, en þau eru: virðing, samvinna, hagsmunir heildarinnar og sjálfbærni.

Þessi stefnumál og afstaða ná yfir helstu atriði er varða afskipti Kína af norðurslóðum, eða vísindarannsóknir, umhverfisverndun, nýting auðlinda, stýring og alþjóðleg samvinna til að vinna að friði og stöðugleika, og munu verða grunnur að þátttöku Kína í málefnum er varða norðurslóðir í framtíðinni.

Á grunni ofangreindra markmiða og afstöðu hefur Kína skipulagt fjölmarga rannsóknaleiðangra á norðurslóðum og er rannsóknaskipið Xue Long (Snædrekinn) og „Gula fljóts“-rannsóknamiðstöðin á Spitsbergen (sem tekin var í gagnið árið 2014) mikilvægur vettvangur margra þeirra. Kína hefur náð að byggja smám saman upp fjölbreytt rannsóknanet sem stundar rannsóknir á sjó, ís og snjó, andrúmslofti, líffræði og jarðfræði norðurslóða. Kína fylgir Parísarsáttmálanum og hefur beitt ýmsum aðferðum við að draga úr losun og vernda vistkerfið á norðurslóðum og hefur einnig tekið fullan þátt í rannsóknaverkefnum á sviði verndunar og alþjóðasamvinnu við verndun lífríkis á norðurslóðum.

» Stefna Kína í málefnum norðurslóða er að auka skilning, vernda, þróa og taka þátt í stjórnun svæðisins.

Árið 2013 fékk Kína stöðu áheyrnarfulltrúa í Norðurheimskautsráðinu og hefur hvatt til samtals og samvinnu á fjölmörgum sviðum milli hinna átta norðurslóðaríkja. Kína hefur einnig tekið ríkan þátt í ýmsum alþjóðlegum viðburðum í tengslum við norðurslóðir.

Kínversk fyrirtæki hafa staðið fyrir fjölbreyttum leiðöngrum og safnað þekkingu um norðurslóðir. Árið 2013 náði kínverska fragtskipið Yong Sheng að sigla norðaustursiglingaleiðina í gegnum norðurslóðir til áfangastaðar í Evrópu. Þessi sigling var einnig hluti af þróun hinnar svokölluðu „norðurskauts-silkileiðar“.

Kína og Ísland deila sameiginlegum hagsmunum og svipaðri afstöðu til málefna norðurslóða. Báðar þjóðirnar leggja mikla áherslu á að takast á við áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi, vistkerfi, fiskveiðar og lífsgæði íbúa á norðurslóðum. Löndin tvö standa fyrir þeirri afstöðu að styrkja umhverfisvernd, sjálfbæra þróun og alþjóðlega samvinnu til að viðhalda friði og stöðugleika norðurslóða, og hafa þjóðirnar tvær átt gott samstarf á þessu sviði.

Árið 2012 skrifuðu löndin tvö undir viljayfirlýsingu milli ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína og ríkisstjórnar Íslands um samvinnu á sviði málefna norðurslóða, og var þetta fyrsta viljayfirlýsing sem Kína undirritaði við norðurslóðaríki. Kína þakkar Íslandi fyrir stuðninginn þegar Kína öðlaðist sæti sem áheyrnarfulltrúi í Norðurskautsráðinu og styður Ísland heilshugar í núverandi formennsku Norðurskautsráðsins.

Í október 2018 hóf fyrsta kínversk-íslenska rannsóknamiðstöðin opinberlega starfsemi sína með fjármagni frá báðum löndum og hefur þjónað sem grunnur milli samskipta vísindamanna frá Íslandi og Kína, en einnig stuðlað að alþjóðlegum samskiptum milli vísindamanna. Kína gerir sér fulla grein fyrir hinu mikilvæga hlutverki sem Ísland gegnir í málefnum norðurslóða og hefur tekið þátt í fundum Hringborðs norðurslóða í mörg ár. Kína og Ísland stóðu sameiginlega fyrir málþingi um norðurslóðir í Shanghai árið 2019. Samstarfið milli þessara tveggja landa á sviði málefna norðurslóða hefur ekki aðeins komið Kína og Íslandi til góða, heldur einnig öllum umheiminum.

Framtíð norðurslóða skiptir máli fyrir hagsmuni hinna 8 heimskautsríkja, velferð allra annarra ríkja og mannkyns alls. Sem ábyrgur aðili, vill Kína forðast spennu og valdaátök og vill ekki koma á fót áhrifasvæðum á norðurslóðum. Kína er reiðubúið til að vinna með Íslandi og öðrum löndum sem eiga hagsmuna að gæta að því að takast á við þær áskoranir sem snúa að norðurslóðum á sviði loftslagsbreytinga og umhverfisverndar, og leggja þar með sitt af mörkum til að stuðla að friði, stöðugleika og sjálfbærri þróun á norðurslóðum.

Höfundur er sendiherra Kína á Íslandi.

SÖLUSÝNING
KLAPPARSTÍGUR 28, 101 RVK

MÁNUDAGINN
14.OKT 17:00-17:30

✓ 3 íbúðir eftir | 97,3-131,4 m² | Verð frá 67.9 mkr.
✓ Fullbúnar íbúðir tilbúnar til afhendingar
✓ Íbúðir geta komið með eða án stæðis í bílgeymslu

Nýjar og glæsilegar íbúðir á frábærum stað í hjarta borgarinnar. Skjólsælt torg í garðinum með iðandi mannlífi.



RE/MAX
KLAPPARSTIGUR.IS

Gunnar Sverrir Harðarson
Löggiltur fasteignasali | Sími 862 2001 | gunnar@remax.is

Ástþór Reynir Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali | Sími 899 6753 | arg@remax.is

VOGIR

Eltak sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Bjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum

ELTAK ehf
-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is